

Tekjuvöxtur 14% á þriðja ársfjórðungi og hagnaður 93 mkr

EBITDA 686 mkr fyrstu níu mánuði ársins 2016

REYKJAVÍK - 26. október 2016 - Uppgjör þriðja ársfjórðungs og fyrstu níu mánuði 2016

Helstu upplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.429 mkr á þriðja ársfjórðungi (13,6% tekjuvöxtur frá F3 2015) og 10.555 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins (9,2% tekjuvöxtur frá fyrstu níu mánuðum 2015) [F3 2015: 3.019 mkr, 9M 2015: 9.669 mkr]
- Framlegð nam 860 mkr (25,1%) á þriðja ársfjórðungi og 2.676 (25,4%) fyrstu níu mánuði 2016 [F3 2015: 828 mkr (27,4%), 9M 2015: 2.465 mkr (25,5%)]
- EBITDA nam 247 mkr (7,2%) á þriðja ársfjórðungi og 686 mkr (6,5%) fyrstu níu mánuði ársins [F3 2015: 240 mkr (8,0%), 9M 2015: 693 mkr (7,2%)]
- Heildarhagnaður á þriðja ársfjórðungi var 93 mkr og 204 mkr fyrstu níu mánuði ársins [F3 2015: 82 mkr, 9M 2015: 193 mkr]
- Eiginfjárlutfall var 32,5% í lok þriðja ársfjórðungs en var 30,8% í lok annars ársfjórðungs
- Applicon AB selur og innleiðir kjarnabankakerfi hjá SBAB Bank AB í Svíþjóð

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur Nýherjasamstæðunnar var á áætlan á þriðja fjórðungi og jákvætt að tekjuvöxtur var meiri á fjórðungnum heldur en fyrrpart árs. Afkoman á árinu er viðunandi, svipuð og í fyrra, en það sem við horfum einnig jákvætt til er það að vaxtaberandi skuldir eru að lækka umtalsvert og eiginfjárstaða félagsins heldur áfram að styrkjast.

Almennt gengur rekstur Nýherja og dótturfélaga vel, sérstaklega í hugbúnaðartengdri starfsemi þar sem tekjuvöxtur hefur verið umtalsverður. Til að mynda voru tekjur Tempo á fjórðungnum USD 3,2 m og USD 9,4m á árinu, sem er 43% aukning á þriðja ársfjórðung. Við sjáum svo einnig töluverða tekjuaukningu hjá Applicon AB, TM Software og hugbúnaðarsviði Nýherja. Það er því góð eftirspurn eftir okkar lausnum og eitt helsta viðfangsefnið okkar er að ná að anna henni en jafnframt gæta að kostnaði í rekstrinum.

Það voru svo afar góð tíðindi að Applicon í Svíþjóð gekk frá stórum samningi í lok fjórðungsins um sölu og innleiðingu á SAP kjarnabankalausnum fyrir SBAB Bank, sem er 5. stærsti bankinn í Svíþjóð. Þetta er tímamótasamningur sem hefur verið lengi í undirbúningi og byggir á þekkingu og lausnum sem þróaðar hafa verið innan okkar vébanda á undanförunum árum. Að innleiðingu lokinni mun Applicon reka og viðhalda bankakerfum fyrir tvo af tíu stærstu bönkum í Svíþjóð, en í því felst mikil viðurkenning á þeirri reynslu og þeim gæðum hugbúnaðarlausna sem Applicon hefur yfir að ráða fyrir fjármálamarkaði.

Öll félög samstæðunnar skila jákvæðri afkomu og horfur í rekstri eru ágætar.“

Rekstrarniðurstaða - níu mánuðir 2016

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	9M 2016	9M 2015
Seldar vörur og þjónusta	10.555	9.669
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(7.879)	(7.203)
Framlegð	2.676	2.465
Rekstrarkostnaður	(2.364)	(2.024)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	312	441
Hrein fjármagnsgjöld	(98)	(184)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	214	258
Tekjuskattur	(41)	(57)
Hagnaður tímabilsins	173	201
Þýðingarmunur dótturfélaga	31	(8)
Heildarhagnaður tímabilsins	204	193
EBITDA	686	693

- Sala á vöru og þjónustu nam 10.555 mkr á fyrstu níu mánuðum 2016 samanborið við 9.669 mkr á sama tíma í fyrra, sem er aukning um 9,2% á milli ára
- Framlegð nam 2.676 mkr (25,4%) á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 2.465 mkr (25,5%) á sama tímabili í fyrra
- Rekstrarkostnaður var 2.364 mkr á fyrstu níu mánuðum 2016 (22,4% af tekjum), samanborið við 2.024 mkr (20,9% af tekjum) á sama tímabili árið 2015
- Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum var 36,9% fyrstu níu mánuði ársins samanborið við 35,8% á fyrstu níu mánuðum árið 2015
- Hrein fjármagnsgjöld lækka um 86 mkr á milli ára. Munurinn skýrist einna helst vegna gengissveiflu upp á 42 mkr (gengistap var um 19 mkr í fyrra, en gengishagnaður er 23 mkr í ár). Einnig lækka vaxtagjöld um 26 mkr á milli ára
- EBITDA nam 686 mkr (6,5%) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 693 mkr (7,2%) á sama tíma árið 2015
- Heildarhagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 nam 204 mkr, samanborið við 193 mkr á sama tímabili árið 2015

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 26. október 2016
<http://www.nyherji.is/nyherji/fyrirtaekid/fjarfestar/>

Efnahagsreikningur 30.09.2016

Efnahagsreikningur 30.09.2016 – Lykiltölur		
Í milljónum ISK	30.09.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	3.352	3.187
Veltufjármunir	3.238	3.719
Eignir samtals	6.590	6.907
Eigið fé	2.142	1.930
Langtímaskuldir	2.126	2.521
Skammtímaskuldir	2.322	2.455
Eigið fé og skuldir samtals	6.590	6.907
Veltufjárhlutfall	1,39	1,52
Eiginfjárhlutfall	32,5%	28,0%

- Veltufjármunir lækka um 481 mkr frá árslokum 2015, úr 3.719 mkr. Handbært fé lækkar um 309 mkr á tímabilinu, aðallega vegna uppgreiðslu á vaxtaberandi lánnum og vegna fjárfestinga fjármögnuðum frá rekstri. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 137 mkr á tímabilinu
- Eiginfjárhlutall hækkar og er 32,5% í lok þriðja ársfjórðungs, en var 28% í lok árs 2015
- Veltufjárhlutfall er 1,39 í lok þriðja ársfjórðungs 2016, en var 1,52 í lok árs 2015
- Vaxtaberandi langtímaskuldir eru 2.126 mkr og hafa lækkað um 395 mkr frá árslokum 2015

Sjóðstreymi 30.09.2016

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	1.1.2016- 30.09.2016	1.1.2015- 30.09.2015
Handbært fé frá rekstri	765	470
Fjárfestingarhreyfingar	(696)	(417)
Fjármögnunarhreyfingar	(364)	(25)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(294)	28
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(15)	(4)
Handbært fé í ársbyrjun	809	79
Handbært fé í lok tímabilsins	500	103

- Handbært fé frá rekstri er 765 mkr í lok þriðja ársfjórðungs, samanborið við 470 mkr í lok þriðja ársfjórðungs árið 2015
- Fjárfestingarhreyfingar eru 696 mkr í lok þriðja ársfjórðungs 2016, samanborið við 417 mkr á sama tímabili í fyrra. Mismun má að mestu leyti rekja til umtalsvert meiri fjárfestinga í rekstarfjármunum sem og aukningu í eignfærslu á óefnislegum eignum árið 2016
- Fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar um 364 mkr á tímabilinu samanborið við 25 mkr í fyrra. Munurinn liggur í uppgreiðslu á vaxtaberandi lánnum sem átti sér stað á fyrri ársshelmingi 2016 sem og hækkun á skammtíma rekstrarlánalínu í fyrra
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 500 mkr samanborið við 102 mkr í lok þriðja ársfjórðungs 2015

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2016

Ársfjórðungsfirilt - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F3 2016	F2 2016	F1 2016	F4 2015	F3 2015
Seldar vörur og þjónusta	3.429	3.794	3.332	3.663	3.019
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.569)	(2.863)	(2.447)	(2.707)	(2.192)
Framlegð	860	931	885	956	828
Rekstrarkostnaður	(746)	(800)	(818)	(750)	(678)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	114	131	67	206	150
Hrein fjármagnsgjöld	(16)	(38)	(45)	(33)	(72)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	98	93	23	173	78
Tekjuskattur	(22)	(18)	(1)	(27)	(20)
Hagnaður tímabilsins	76	75	22	146	58
Þýðingarmunur dótturfélaga	17	(2)	16	(11)	24
Heildarhagnaður tímabilsins	93	73	38	135	82
EBITDA	247	259	180	315	240

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.429 mkr á þriðja ársfjórðungi samanborið við 3.019 mkr á sama tímabili árið 2015, sem er aukning um 13,6% á milli ára
- Framlegð nam 860 mkr (25,1%) á þriðja ársfjórðungi samanborið við 828 mkr (27,4%) á þriðja ársfjórðungi 2015
- Rekstrarkostnaður var 746 mkr á þriðja ársfjórðungi (21,8% af tekjum) samanborið við 678 mkr (22,5% af tekjum) á sama tímabili 2015
- Hrein fjármagnsgjöld námu 16 mkr á þriðja ársfjórðungi samanborið við 72 mkr á sama tímabili í fyrra.
- EBITDA nam 247 mkr (7,2%) á þriðja ársfjórðungi samanborið við 240 mkr (8,0%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður á þriðja ársfjórðungi var 93 mkr (2,7% af tekjum) samanborið við 82 mkr (2,7% af tekjum) á sama tímabili í 2015

Vöxtur í sölu hugbúnaðarlausna hjá Nýherja

Tekjur og afkoma Nýherja, móðurfélagsins, voru samkvæmt áætlunum á þriðja ársfjórðungi. Ágætt sala hefur verið í PC búnaði og hljóð- og myndlausnum til fyrirtækja og einstaklinga. Á síðustu misserum hefur Nýherji svo fjárfest umtalsvert í þekkingu á sviði ýmissa sérhæfðra hugbúnaðarlausna, m.a. á sviði tölvuöryggis, markaðsmála og gæðastýringar. Þessi fjárfesting er nú að skila sér í umtalsverðri tekjuaukningu á milli ára. Horfur á fjórða ársfjórðungi eru góðar.

Workplace frá Facebook stuðlar að auknu samstarfi Nýherjafélaga

Nýherji og dótturfélög tóku Workplace frá Facebook í notkun fyrir allt starfsfólk. Workplace byggir á sömu eiginleikum og Facebook, en sniðið að fyrirtækjaumhverfi. Nýherjafélögin voru með fyrstu fyrirtækjum á Íslandi til að taka þennan samskiptamiðil í notkun. Með innleiðingu á Workplace er búið að skapa farveg til þess að efla enn frekar samvinnu innan og á milli félaga í samstæðunni.

Aukin umsvif hjá Tempo

Heildartekjur Tempo, sem þróar tímaskráningar- og verkefnastjórnunarlausnir, námu 3,2 milljónum dollara á þriðja ársfjórðungi, sem er 43% tekjuaukning frá fyrra ári. Mest aukning er í sölu á nýjum lausnum í gegnum skýið sem skýrir að hluta til góðan vöxt milli ára. Endursöluaðilum Tempo fer ört fjölgandi en þeir telja nú yfir 120, sem sérhæfa sig í ráðgjöf og innleiðingu á lausnum frá Atlassian og Tempo. Hjá Tempo starfa í dag nálægt 100 starfsmenn á þremur stöðum, Íslandi, Montreal og San Francisco. Horfur eru góðar.

Áfram tekjuaukning hjá TM Software

Tekjur TM Software jukust um 26% í fjórðungnum miðað við sama tímabil í fyrra og afkoma var góð. TM Software hefur lagt aukna áherslu á nýsköpun og vöruþróun á sérsviðum sínum með það að markmiði að auka vægi vörusölu í tekjum félagsins. Í þessum tilgangi hélt TM Software forritunarkeppni í lausnum fyrir ferðapjónustuna undir nafninu Travel Hackathon og heldur reglulega nýsköpunardaga meðal starfsfólks. Verkefnastaða er góð og horfur í rekstri eru ágætær.

Fjárfest í lausnaþróun hjá Applicon ehf.

Rekstur Applicon á Íslandi var samkvæmt áætlun á þriðja ársfjórðungi, betri en á sama tímabili í fyrra, en er heldur undir áætlunum það sem af er ári. Sala á hugbúnaðarleyfum frá SAP og tengdum innleiðingarverkefnum gekk vel og það sama má segja um sölu á Kjarna, launa- og mannauðskerfi frá Applicon. Þá fólu samningar Applicon AB við SBAB Bank í Svíþjóð í sér sölu á lausnum sem þróaðar eru af Applicon á Íslandi, en íslenskir sérfræðingar munu svo koma að innleiðingu kerfa fyrir bankann. Áfram er mikið fjárfest í þróun lausna Applicon. Verkefnastaða er góð og horfur samkvæmt því.

Mikilvægur samningur Applicon AB við SBAB Bank

Tekjur og afkoma Applicon AB í Svíþjóð jukust töluvert á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Félagið gerði á tímabilinu samning um sölu og innleiðingu á kjarnabankakerfum fyrir SBAB Bank AB, en bankinn mun taka í notkun lausnir frá SAP ásamt tengdum viðbótarlausnum frá Applicon á Íslandi. Applicon mun sjá um innleiðingu kerfanna hjá bankanum og tengja þau við önnur kerfi og sænska greiðslumiðlun. Innleiðingarferlið er áætlað allt að 3 ár og mun samningurinn skjóta styrkum stöðum undir þá starfsemi sem Applicon félögin hafa byggt sem leiðandi í innleiðingu, ráðgjöf og rekstri á alþjóðlegum kjarnabankalausnum. Að lokinni innleiðingu mun Applicon AB sjá um hugbúnaðarrekkstur á kerfunum fyrir SBAB og sér þá um rekstur kjarnabankakerfa fyrir tvo af tíu stærstu bönkum Svíþjóðar, SBAB Bank og Landshypotek Bank. Horfur eru góðar.

Horfur

Verkefnastaða Nýherja og dótturfélaga er ágæt og horfur í rekstri því góðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tekjuaukningu og afkomu líkt og verið hefur undanfarin misseri.

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 26. október 2016
<http://www.nyherji.is/nyherji/fyrirtaekid/fjarfestar/>

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok þriðja ársfjórðungs 2016 var kr. 7.493 mkr. Lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 16,65 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 30. september 2016 voru 450 milljónir og voru hluthafar 374 talsins.

Kynningarfundur þann 27. október 2016

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 27. október 2016 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is, að honum loknum.

Fjárhagsdagatal

- 31.01.2017 Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör 2016
- 03.03.2017 Aðalfundur ársins 2016

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 26. október 2016. Uppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækningu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR.

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Ívar Kristjánsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.